



## Hreppsnefnd 30.11.07

Hreppsnefndarfundur haldinn föstudaginn 30. nóv. 2007 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur K. Ármannsson, Halldóra S. Árnadóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Ennig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 15. nóv. sl

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 15. nóv. sl.

Fundargerðin síðan samþykkt .

2. mál Fundargerð jafnréttisnefndar frá 20. nóv. sl.

Fundargerð jafnréttisnefndar frá 20. nóv. sl. lögð fram til kynningar

3. mál Fundargerðir þjónustunefndar aldraðra frá 10. okt. og 7. nóv. sl.

Fundargerðir þjónustunefndar aldraðra frá 10. okt. og 7. nóv. sl. lagðar fram til kynningar.

4. mál Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar 16. nóv. sl.

Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar frá 16. nóv. sl. lögð fram til kynningar.

5. mál. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2007

Sveitarstjóri lagði fram breytingatillögur við gildandi fjárhagsáætlun 2007. Jafnframt lagt fram nýtt rekstraryfirlit og sjóðstreymisyfirlit, sem sýnir hvaða áhrif fyrirliggjandi breytingartillaga hefur á rekstrarniðurstöðu sveitarfélagsins. Gerði sveitarstjóri grein fyrir fyrirliggjandi gögnum og þeim breytingum sem fram koma í breytingartillögunni. Að því loknu lagði hann til að fyrirliggjandi breytingar við fjárhagsáætlun ársins 2007 yrðu samþykktar.

Nýtt sjóðstrymisyfirlit gerir ráð fyrir því að rekstrarniðurstaða allra sjóða í A- og B- hluta verði 41.441 þús. kr. , handbært fé frá rekstri verði 41.746 þús. kr., fjárfestingar nettó 118.500 þús. kr., afborganir lána verði 64.334 þús. kr. og nýjar lántökur 44.000 þús. kr. Handbært fé í árslok verður 14.259 þús. kr.

Nokkrar umræður urðu um þessi mál.

Tillaga sveitarstjóra síðan samþykkt með 4 atkvæðum, 3 sátu hjá.

6. mál. Álagningarprósenta útsvars 2008

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu, en útsvarsprósentu næsta árs skal ákveða skv. sveitarstjórnarlögum eigi síðar en 30. nóv. og tilkynna til tekjudeildar fjármálaráðuneytisins eigi síðar en 15. des. n. k.

Lagði hann síðan fram svofellda tillögu:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að álagt útsvar tekjuárið 2008 verði 13,03 % af útsvarsstofni”.

Tillagan gerir ráð fyrir að útsvarsálagning á Vopnafirði árið 2008 verði sú sama og 2007, sem er hámarksálagning. Heimilt er að hafa hana að lágmarki 11,24 %.

Fyrirliggjandi tillaga síðan samþykkt samhljóða.

7. mál Álagningarreglur fasteignagjalda fyrir árið 2008

Lögð fram svofelld tillaga að álagningu fasteignagjalda Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2008:

“Álagning fasteignagjalda 2008 verður ákveðin með eftirfarandi hætti.

I. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að fasteignagjöld fyrir árið 2008 verði lögð á sem hér segir:  
a) Fasteignaskattur á:

- 1) Íbúðarhúsnæði og bújarðir. 0,4 % af heildarfasteignamati
- 2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. 1,65 % af heildarfasteignamati
- 3) Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn 1,32 % af heildarfasteignamati

b) Vatnsgjald og holræsagjald:

1. Vatnsgjald nemi 0,28 % af fasteignamati húss.

Aukavatnsgjald skv. mæli verði kr. 22 fyrir hvern rúmmetra vatns.

2. Holræsagjald nemi 0,15 % af heildarfasteignamati.

c) Lóðarleiga

Lóðarleiga verði 2,0 % af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

Gjalddagar fasteignagjalda 2008 verða þeir 15. febrúar 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst og 15. september. Eindagi verði 30 dögum síðar.

Athugið! Ef fjárhæðir til innheimtu eru lágar er þeim ekki dreift á átta gjaldaga, heldur færri. Hreppsnefnd heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt Elli- og Örkulífeyrisþega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2007 skv. skattframtali 2008:

a) Einstaklingar

Brúttótekjur 2007 allt að kr. 1.723.539 100% niðurfelling

Brúttótekjur 2007 allt að kr. 2.387.939 50 % niðurfelling

b) Hjón:

Brúttótekjur 2007 allt að kr. 2.554.326 100 % niðurfelling

Brúttótekjur 2007 allt að kr. 2.845.791 50 % niðurfelling

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna (hinnar látnu) á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall.

Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli árána 2007 og 2008 hefur hreppsnefnd heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt.

Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku.

Falli aðstæður ekki undir þær reglur sem að framan greinir skal hreppsnefnd ákveða um lækkun eða niðurfellingu.

II. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir á grundvelli laga nr. 81./ 1988 IV. kafla 22. gr., að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2008. Gjaldið skal vera kr. 9.200 á íbúð. Sorphirðugjöld fyrirtækja hækki um sama hundraðshluta. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu."

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu og lagði til að hún yrði samþykkt.

Nokkrar umræður urðu um fyrirbyggjandi tillögu.

Tillagan síðan samþykkt samhljóða.

8. mál. Fjárhagsáætlun A- og B hluta stofnana Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2008

- Fyrri umræða-

Sveitarstjóri lagði fram frumvarp að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps, stofnana og fyrirtækja fyrir árið 2008. Í framlögðum gögnum má finna rekstraryfirlit A- og B-hluta sjóða, samandregið sjóðsstreymi og sundurliðanir niður á deildir. Ennfremur lagði sveitarstjóri fram greinargerð sína

með fyrirbyggjandi gögnum, sem dags. er 30. nóvember 2008. Gerði hann síðan grein fyrir rekstraryfirliti hinna mismunandi sjóða sveitarfélagsins, sem í heild eru 12 talsins í A- og B-hluta. Jafnframt gerði hann grein fyrir yfirliti um sjóðstreymi sjóðanna og samstæðunnar í heild. Þá las hann upp greinargerð sína með fyrirbyggjandi áætlunum en í henni kom m. a. fram að:

Við fyrri umræðu fjárhagsáætlunar hér í dag kemur fram í rekstraryfirliti sveitarsjóðs, að heildartekjur aðalsjóðs eru 420,5 m.kr. og heildargjöld 348.1 m.kr. Laun eru alls áætluð 189.2 m.kr., almenn rekstrargjöld 153.1 m.kr. og fjármagnsgjöld nettó 5,7 m.kr. Inni í þessum tölum eru svokölluð innri viðskipti meðtalin. Rekstrarafgangur aðalsjóðs miðað við þetta er því 72,3 m.kr.

Í Eignasjóði er reiknað með húsaleigutekjum fyrir útleigu á húsnæði eins og skóla, leikskóla, íþróttahúss, ráðhúss og annarra eigna sem síðan eru leigðar undir hinar mismunandi þjónustueiningar sveitarfélagsins. Þessi sjóður er rekinn með 0,7 m.kr. hagnaði þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta upp á 12,9 m.kr. og 11,8 m.kr. fjármagnskostnaðar. Hér er einnig áætlað fyrir öllum föstum kostnaði við húseignirnar og því viðhaldi sem ráðast á í á árinu.

Í Þjónustumiðstöð er reiknað með útgjöldum til reksturs hennar þ. e. launum, almennum rekstrargjöldum, ásamt afskriftum. Hér er jafnframt áætlað fyrir tekjum þjónustumiðstöðvar en leitast er við að selja vinnu hennar að mestu. Ráðgert er að endurskoða taxta á útseldri vinnu og færa upp í samræmi við verðlagsþróun á sambærilegum töxtum. Í áætluninni er 7,5 m.kr. halli á miðstöðinni þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta.

Samkvæmt þessu er hagnaður A-hluta sjóða í heild eftir afskriftir og að teknu tilliti til innri viðskipta 65,5 m. kr.

Í B-hluta sjóðunum kennir ýmisra grasa, en þeir eru Hafnarsjóður, Vatnsveita Leiguíbúðir almennar og félagslegar, Fráveita, Félagsheimili, Apótek, Arnarvatn og Skiphólmi.

Langstærstur þessara sjóða er Hafnarsjóður og er hann áætlaður með 3 m.kr. hagnaði, þegar tekið hefur verið tillit til 20,6 m.kr. fjármagnskostnaðar og 5 m.kr. afskrifta. Fjármagnsgjöld þessa sjóðs eru þetta há vegna mikilla framkvæmda sem sjóðurinn hefur staðið í á liðnum árum. Gert er ráð fyrir miklum umsvifum í höfninni til samræmis við áætlanir HB Granda um landaðan afla á árinu 2008. Þess má geta að tekjur hafnarinnar hafa nær tvöfaldast á síðustu árum. Áfram er haldið í framkvæmdum við höfnina og er ráðgert að á árinu 2008 verði lokið við dýpkun hafnarinnar og jafnframt lokið við gerð lagna, lýsingar og þekju á hinni nýju viðlegu, en fengist hefur staðfest að fjárveitingar fáist á árinu 2008 til þessara verka frá ríkinu til samræmis við styrkhæfni framkvæmdanna.

Áfram verður unnið að styrkingu Vatnsveitu en á mörkunum er að hún geti sinnt skyldum sínum þegar illa árar hvað vatnsbúskap snertir, ennfremur hefur fundist verulega fyrir þrýsingsminnkun á veitukerfi þegar vinnsla uppsjávarafla er í hámarki. Unnið verður að viðhaldi leiguíbúða og fleiri mannvirkja svo sem félagsheimilis, íþróttahúss og Sundabúðar. Ráðgert er einnig að halda áfram í fráveituframkvæmdum í samræmi við heildaráætlun þeirra mála.

Af Skiphólma hlýst töluverður fjármagnskostnaður enda er í raun eina verkefni hans í dag að halda utan um lántökur vegna hlutafjárkaupa og hefur sterklega komið til greina að selja hlutabréf til þess m. a. að greiða upp skuldir Skiphólma. Að öllu þessu töldu er ráðgert að allir sjóðir í A -og B hluta verði samtals gerðir upp með 49,8 m. kr. hagnaði á árinu 2008.

Í sjóðstreymi kemur í ljós að þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta, verðbóta og annarra reiknaðra stærða að handbært fé frá rekstri verður samtals í A- og B hluta 78,5 m.kr. Þetta fé rennur til fjárfestinga sem alls eru áætlaðar 123,4 m.kr. nettó. Brúttó gerir áætlunin ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 330,6 m.kr. Á móti er ráðgert að fjármagna framkvæmdirnar með beinum framlögum að fjárhæð 207 m.kr., handbæru fé frá rekstri að fjárhæð 78,4 m.kr. og sölu eigna að fjárhæð 94 m.kr.

Í fjármögnunarahreyfingum er ráðgert að greiða niður lán um 64 m.kr., en á móti eru tekin ný lán að fjárhæð 20 m.kr. Áætlunin gerir því ráð fyrir því að engin lán séu tekin til þess að standa undir rekstri og öllum hinum viðamiklu framkvæmdum sem ráðast á í þar sem ný lántaka er mun lægri fjárhæð en sú sem greidd er niður.

Að teknu tilliti til alls þessa er ráðgert að handbært fé í árslok verði 19 m. kr., náist að gera allt það sem áætlað er að gera samkvæmt fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun A- og B- hluta sjóða fyrir árið 2008.

Sveitarstjóri lagði síðan til að fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun yrði vísað til afgreiðslu við síðari umræðu í hreppsnefnd.

Í framhaldi urðu talsverðar umræður um fyrirbyggjandi gögn, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Tillaga sveitarstjóra um að vísa fjárhagsáætlun ársins 2008 til síðari umræðu þann 13. desember n. k. var síðan samþykkt samhljóða. Rætt var um hugsanlegan vinnufund milli umræðna.

9. mál Ýmis bréf og mál:

a) Bréf UST frá 19. nóv. sl. varðandi hreindýraarð  
Lagt fram til kynningar

b) Héraðsskjalasafn Austfirðinga, aðalfundur fulltrúaráðs haldinn 6. des. n. k.  
Lagt fram til kynningar

c) Bréf Skipulagsstofnunar frá 22. nóv. sl. varðandi breytingu á framkvæmdaleyfi.  
Lagt fram til kynningar

d) Bréf dags. 9. nóv. sl. varðandi stuðning við Snorraverkefnið.  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.20